

Kópavogsbær

b.t. Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri

Digranesvegur 1

200 Kópavogur

Kópavogur 10.11.2021

Efni: Ósk um úthlutun lóða að Urðarhvarfi 10-12, 203 Kópavogi

Heilsuvernd óskar hér með formlega eftir viðræðum við Kópavogsbæ um úthlutun lóðanna í Urðarhvarfi 10 og 12 til uppbyggingar heilðrænnar heilbrigðis og öldrunarþjónustu með áherslu á að nýta þann styrkleika sem þegar er til staðar í Urðarhvarfi 8 (Orkuhúsi) og 14 (Heilsuvernd)

Félagið rekur í dag í Urðarhvarfi 14 Heilsugæsluna í Urðarhvarfi þangað sem ríflega 10 þúsund íbúar höfuðborgarsvæðisins leita og læknamíðstöð auk sjúkrabjálfunar með áherslu á heilsueflandi þjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir og ríki.

Þá stendur félagið að rekstri Heilsuverndar Hjúkrunarheimilis á Akureyri og er 4. stærsti þjónustuveitandi á því sviði á landsvísi. Á höfuðborgarsvæðinu sinnir félagið allri lækniþjónustu fyrir Hrafnistu, Vigdísarholt (Seltjörn og Sunnuhlíð Kópavogi) auk Sjálfsbjargarheimilisins sem eru ríflega 1000 rúm í slíkri þjónustu.

Félagið stefnir að því að vera í farabroddi í öldrunarþjónustu á Íslandi með fjölþætt verkefni sín og sækist eftir því að reka tímabundin hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu sem og að vinna að uppbyggingu á verkefninu Heilsuvernd Heima sem lýtur að þjónustu í heimahúsi með fjartæknilausnum meðal annars.

Fyrirtækið kemur einnig að nýsköpun í heilbrigðisþjónustu og tekur þátt í velferðartækniklasa á Norðurlandi sem miðar að uppbygginu í velferðarþjónustu.

Markmið okkar er að horfa til þeirrar þarfar sem þekkt er í tengslum við umönnun og þjónustu við aldraða og vantar sárlega að opna þekkingarmiðstöð auk þess að hafa úrræði í boði bæði hvað varðar inniliggjandi þjónustu og sveigjanlega dagvistun og möguleika til þverfaglegrar endurhæfingar, félagið hyggst stuðla að slíku uppbyggingarstarfi á umræddum lóðum í samstarfi við hagsmunaaðila, Sjúkratryggingar Íslands, Landspítala og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Við myndum gjarnan vilja fá tækifæri til að kynna hugmyndir og fara frekar yfir þær með Kópavogsbæ og stefna þar að stóratáki í þessum málaflokki.

Virðingarfyllt,



Teitur Guðmundsson, framkvæmdastjóri